


inn út, til að sýna hin illu áhrif áfengisins á mannlegan líkama og vara menn við nautn áfengra drykkja. Á mörgum stöðum hafa vinnuveitendur bannað að neyta drykkja, sem hafa nokkurt áfengi inni að halda, í verksmiðjum sínum. Mörg verkamanna félög le tæst af fremsta megni við að draga úr áfengisnautninni. Verkamannablöðin taka í sama strenginn og gefa verkamannalýðnum upplýsingar um áfengið. — "Burt með áfengið úr verkamiðjunum", er hrópið, sem alstaðar heyrir á Þýskalandi. Og það er sagt að breytingin, sem það hefir ollið í sumum stærri borgunum, sé nú þegar sýnileg.

Í Ameríku hefir athygli manna verið dregið að þessu máli nýlega af Professor Charles Scanlon, sem er skrifari "National Inter-Church Temperance Federation of America".

Hann segir, í opnu bréfi, sem hefir verið sent út til almennings, að reynsla sé fengin fyrir því á Bretlandi og í Bandaríkjunum, að á aðrinum milli tuttugu og fimmm og sextíu ára sé dauðsfalla tala meðal þeirra, sem neyta ekki áfengis, 30 til 40 af hundraði lægri en meðal hinna. Bindindismenn eiga þess vegna, að hans áliti skilið að fá samsvarandi lækkun á iðgjöldum af lífsábyrgðum. Það er áþreifanlegt ranglæti að láta mann, sem verndar líf sitt og heilsu, með því að vera bindindismaður, bera lífsábyrgðarkostnað annara, sem eru skeytingarlausari.

Frézt hefir að nokkur hinna stærstu lífsábyrgðarfélagi í Bandaríkjunum hafi í hyggju að bjóða bindindismönnum lífsábyrgðir fyrir lægra verð en öðrum. Enginn vafi er á að bindindismenn sjálfir gætu flýtt fyrir þessu skynsamlega og réttláta boði lífsábyrgðarfélaganna.



HEIMIR

12 blöð á ári, 24 bls. í hvert sinn, auk kápu og auglýsinga.
Kostar einn dollar um árið. borgist fyrirfram.

Gefinn út af hinu Íslenska Únitaríska Kyrkjufélagi í Vesturheimi.

ÚTGÁFUNEFND:

G. Árnason, ritstjóri

S. B. Brynjólfsson, ráðsmaður
Jóh. Sigurðsson

Bréf og annað innihaldi blaðsins viðvíkjandi sendist til Guðm. Árnassonar, 385 Simcoe St. Peninga sendingar sendist til S. B. Brynjólfssonar 623 Agnes St.

THE ANDERSON CO., PRINTERS